



Fornleifaskrá Kópavogs



Bjarni F. Einarsson
2000

Forsíðumyndin sýnir Þingnes úr NNV. Framan við bústaðinn eru nokkrar rústir sem ná nær alveg niður að vatninu. Þær eru í landi Kópavogs. Ljósmyndari B.F.E.



© Bjarni F. Einarsson.
Júní 2000

1 Inngangur

Vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Kópavogs ákvað bærinn að láta skrá allar fornleifar sem kynnu að leynast á þeim hluta af landi hans sem byggð er að rísa á. Undirritaður sá um alla vinnu skráningarinnar svo sem heimildaöflun, vettvangsvinnu og úrvinnslu. Tengiliður á milli Fornleifafræðistofunnar og Kópavogs var Ólafur Halldórsson, arkitekt hjá skipulagi Kópavogs.


Undirbúningsvinna hófst í byrjun febrúar 2000 og vettvangsvinna í lok mars sama ár. Bent skal á að einn staðurinn, Þingnes við Elliðavatn er ekki skráður að fullu. Staðurinn sjálfur hefur fengið eitt aðalnúmer (52), en einstakar fornleifar á staðnum hafa ekki fengið undirnúmer. Staðurinn er í landi Reykjavíkur og Kópavogs og hann hefur verið rannsakaður í nokkur skipti. Ekki er hægt að greina einstakar rústir á síðasta rannsóknarsvæðinu og verður að vísa í teikningu í fornleifaskrá. Lýsing einstakra rústa liggur ekki fyrir í skýrslu enn. Margt bendir til þess að eldra nafn á staðnum sé Krossnes, en heitið Þingnes hefur fest sig í sessi á seinni tímum og verður því notað hér eftirleiðis.

Nákvæm staðsetning fornleifanna er að finna á stafrænum loftmyndum sem geymdar verða hjá Kópavogsbæ og Fornleifafræðistofunni. Í þessari skýrslu fylgir aðeins yfirlitskort með fornleifunum.


Undir liðnum *Ástand* kemur stundum fyrir orðið *Horfin*, en gagnagrunnurinn leyfði ekki beygingu orðsins eftir kyni né tölu.

Undir fyrirsögninni *Heimildir og munnmæli* í fornleifaskrá stendur sum staðar **Frh.** Þá er átt við að fleiri heimildir um viðkomandi fornleifar séu í gagnagrunninum, en sökum plássleysis eru þær ekki prentaðar út.

Margir hafa veitt ýmsa aðstoð svo sem fólk á förnum vegi og starfsmenn Kópavogs, bæði fyrrverandi og núverandi. Sérstaklega vil ég þakka Ólafi Halldórssyni og Birni Þorsteinssyni hjá Kópavogsbæ fyrir liðlegheit og góða liðveislu. Eins vil ég þakka þeim Mjöll Snæsdóttur og Guðmundi Ólafssyni, fornleifafræðingum, fyrir mikilvægar upplýsingar. Að lokum þakka ég Helga M. Sigurðssyni sagnfræðingi fyrir yfirllestur og próförk.



Mynd 1. Yfirlitskort af svæðinu sem skráð var með minjagildi einstakra staða.



Mynd 2. Yfirlitskort af svæðinu sem skráð var með hættumati einstakra staða. Ath. að einstakar fornleifar á Kópavogspingstað eru í mikilli hættu þó staðurinn í heild sinni sé það ekki.

2 Aðferð og takmörk

Byrjað var á því að fara í gegnum helstu heimildir um Kópavog, svo sem örnefnaskrár, túnakort, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Sögu Kópavogs I – III og aðrar bækur sem gátu gefið vísbendingar um fornleifar. Slík könnun á heimildum getur aldrei orðið tæmandi enda sjálf fornleifaskráningin ekki endanleg. Ekki er víst að hugtakið fornleifar muni standa óbreytt um aldur og ævi. Má t.d. benda á herminjar, sem lögum samkvæmt eru ekki fornleifar í dag, en verða það eftir 40 ár eða svo.

Allt núverandi og fyrirhugað þéttbýlissvæði Kópavogs var kannað á vettvangi. Allar fornleifar voru skráðar til fulls ljósmyndaðar á stafrænan hátt og teiknaðar þegar við átti. Einnig voru þær GPS mældar með Magellan Pioneer staðsetningartæki og færðar inn á stafrænar loftljósmyndir.

Hver staður fékk eitt aðalnúmer, einstakar fornleifar á hverjum stað, einar eða fleirri, fengu sitt undirnúmer undir viðkomandi aðalnúmeri. Meginreglan var sú að ef 50 m eða meira voru á milli fornleifa fengu þær sitt hvort aðalnúmerið. Þetta var þó ekki einhlítt ef sýnt var að fornleifarnar tilheirðu sömu heildinni svo sem sama bæjarstæðinu eða voru beinlínis á sama staðnum eins og Kópavogspingstaðurinn og Kópavogsbærinn sem hafa fengið eitt aðalnúmer en 12 undirnúmer (fornleifar nr. 1:1-12). Segja má að skráningin sé í aðalatriðum eins og Reykjavíkurskráin, þó með ýmsum viðbótum (Bjarni F. Einarsson 1995(b)).

Ekki var allt land Kópavogs skráð í þessari umferð. Takmarkaðist skráningin við svæði sem náði frá Elliðavatni og vestur úr að Kópavogshöfn (sjá mynd 1 og 2). Upplönd Kópavogs voru með öðrum orðum ekki skráð nú. Verður þess vart langt að bíða að þau verði einnig skráð enda skylt samkvæmt lögum.

3 Lögin og tilgangurinn

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Að jafnaði eru minjar eldri en 100 ára taldar til fornleifa. Hægt er að friðlýsa yngri minjar (Þjóðminjalög 1989, 16. gr.).

Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum og sumar þeirra eru friðlýstar. Munurinn þar á er fyrst og fremst sá að friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Jafnvel ófundnar fornleifar eru friðaðar. Komi slíkar minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna fornleifanefnd (20. gr.). Fornleifanefnd úrskurðar svo hvort halda megi verki áfram og með hvaða skilmálum.

Enginn má spilla fornleifum, granda þeim né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni viðvart ef

fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af mönnum (19. gr.).

Ef aðilar telja sig þurfa að raska eða fjarlægja fornleifar vegna framkvæmda skulu þeir skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmdir megi hefjast og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ber sá sem fyrir þeim stendur kostnað af nauðsynlegum rannsóknum (20. gr.).

Í 18. gr. laganna segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Í skipulagslögum segir í 9. gr. að landið allt sé skipulagsskylt (skipulags- og byggingalög 1997). Markmið laganna er m.a. að tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi (1. gr.). Um sjálfbæra þróun á sviði minjavörslu og fornleifa verður fjallað hér að neðan.

Það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Til koma aðrar ástæður svo sem siðferðislegar, sögulegar, fræðilegar og menningarpólítískar.

Ef minjavarðslan á að geta sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar verður hún að hafa yfirlit yfir þær sem til eru, hvar og hverjar þær eru. Fornleifarnar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga og söguskilningi þeirra og í þeim eru fólgnar upplýsingar sem hvergi annarsstaðar er að finna. Vegna þess hve íslenskt samfélag var íhaldsamt eru rústir frá 1900 mikilvægar til að varpa ljósi á eldri rústir, þær voru byggðar úr sömu efnum og þjónuðu sama tilgangi.

Hlutverk minjavörslunnar er m.a. að velja út fornleifar og umhverfi þeirra til varðveislu um ókomin ár. Ef valið á að vera markvisst er fornleifaskrá nauðsynlegur grundvöllur úrvalsins. Ef velja á fornleifar sem eru einkennandi fyrir ákveðið hérað eða svæði er mikilvægt að vita hvaða fornleifar eru til svo hægt sé að velja. Um nánari umfjöllun á mikilvægi fornleifaskráninga; sjá t.d. Bjarna F. Einarsson 1996 (a & b) og Orra Vésteinsson 1996.

4 Sagan

4.1 Sögubrot

Í hugum margra er Kópavogur tiltölulega sögulaust sveitarfélag, sem á upphaf sitt að rekja til 20. aldar. Það má vissulega til sanns vegar færa þar sem sveitarfélagið sjálft er ekki stofnað fyrr en 1948, en þétting byggðar hafði hafist nokkrum árum áður eða um 1936 (Lýður Björnsson 1990:46 og 146). Kaupstaðarréttindi fengust svo árið 1955. Á seinustu tveimur öldum var Kópavogur ekki í brennidepli og þótti jafnvel ekki búsældarlegt um að

litast. Segir danski fræðimaðurinn Kristian P.E. Kålund svo frá jörðinni Kópavogi í ferðalýsingu sinni er birtist á prenti árin 1877-82: „*Bærinn er á leiðum og ömurlegum stað; umhverfis hann eru lág grýtt hæðardrög eða dökkleitar þýfðar mýrar.*“ (Kålund 1984:15).

Kópavogsjörðin var lang rýrasta jörðin af þeim jörðum sem eru í Kópavogslandi. Ekki er víst að jarðirnar hafi talist eftirsóknarverðar til ábúðar (Magnús Porkelsson 1990(a):160). Það að nafnið á Hvammi breyttist í Hvammskot árið 1552 gefur vísbendingar um það. Hvammskotsnafninu var svo breytt um 1875 af Þorláki Guðmundssyni alþingismanni í Fífuhamm (Guðlaugur R. Guðmundsson 1970:26 og 29). Ekki hefur þó þróunin alltaf verið neikvæð því í jarðarbókum 17. aldar og Jarðamati Johnsens árið 1847 og yngri jarðamötum, hækkaði jarðarmat allra jarða innan bæjarlandsins nema Digraness (Magnús Porkelsson 1990(a):164).

Elsta ritaða heimild um byggð í landi Kópavogs er frá árinu 1234.¹ Þá bregður Vatnsenda fyrst fyrir í Máldagaskrá um eignir Maríu kirkju og staðar í Viðey. Segir m.a. svo í skránni:

„hvn a oc Elliðavatz land hálf. Oc allt land at vatzenda. Með þeim veiðvm oc gæðvm er þeim hafa fylgt at fornv. ... Hamvndur gaf til staðarins holm þann. Er liggr j elliða am. niðr fra Vatzenda holmi.“ (Ísl. fornbréfasafn I 1857-76:507).

Heimildir segja svo ekkert um svæðið fyrr en árið 1313, í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs. Þá eru nefndir til sögunnar bæirnir Hvammur og Digranes, auk Vatnsenda. Segir m.a. svo um leigumálana í skránni:

„At vatz ennda iij merkur.
J hvamme c leigv.
J digranesi iij merkur.“ (Ísl. fornbréfasafn II 1888:377).

Nafnið Kópavogur kemur fyrst fyrir í heimildum árið 1523. Er þar átt við Kópavogsþingstaðinn og tilefnið var dómur yfir Týla Péturssyni hirðstjóra, sem fundinn var sekur um morð o. fl. (Ísl. fornbréfasafn IX 1909-13:139-142). Bærinn Kópavogur kemur ekki fyrir í rituðum heimildum fyrr en 1553, þá í afgjaldareikningum Eggerts hirðstjóra Hannessonar á Bessastöðum. Er þar afgjald Þorsteins ábúanda tilgreint, en það var „viij alne vatmell.“ (Ísl. fornbréfasafn XII 1923-32:577).


Til eru aðrar og eldri heimildir um byggð í Kópavogi, en það eru fornleifarnar sem þar finnast. Margt er enn ósagt um þær, aðeins nokkrar þeirra hafa verið rannsakaðar og engar þeirra til fulls. Elsta mannvirki sem

¹ Um ýtarlegri sögu Kópavogs má lesa í *Sögu Kópavogs I-III*, sem Lionsklúbbur Kópavogs gaf út árið 1990 og endurminningum Huldu Jakobsdóttur, Við byggðum nýjan bæ, sem Gylfi Gröndal ritaði árið 1988 (sjá heimildir).


fundist hefur í Kópavogi er jarðhýsi eitt (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986), sem staðsett er undir minjum hins gamla Kópavogsþingstaðar, norðanvert við árósa Kópavogslækjar (fornleifar nr. 1:5). Jarðhýsið er C-14 aldursgreint og var niðurstaðan óleiðrétt 1180 ± 130 BP (*Before Present*). Sé niðurstaðan hins vegar leiðrétt með 95,4% vissu, er niðurstaðan sú að húsið hafi verið í notkun einhverntíma á bilinu 600 - 1200. Þungamiðja greiningarinnar er ca.750 – 950 AD (sjá mynd 3). Viðurinn sem greindur var reyndist úr víði eða ösp, sem gerir aldursákvörðunina örlítið óvissa og sama má segja um óvenjulega mikið skekkjumörk eða 130 ár. Talið er að jarðhýsið geti jafvel verið frá 9. öld (Sama 1986:77).

Ofan á áðurgreindu jarðhýsi fannst smiðja (fornleifar nr. 1:4) sem var mun eldri en frá 1500 miðað við afstöðu gjóskulaga, en reyndist vera frá því um 1800 samkvæmt C-14. Ástæðan fyrir þessu misræmi hlýtur að vera sú að viðurinn sem var aldursgreindur hefur borist í húsið á seinni tímum eða mistök átt sér stað á tilraunastofunni. Talið er að smiðjan geti verið frá 12. öld (sama 1986:73).

Skammt suður af jarðhýsinu var byrgð þró. Viðarkolasýni úr henni var aldursgreint og niðurstaða þeirrar greiningar 900 ± 70 BP. Sé sú niðurstaða leiðrétt með 95,4% öryggi, verður niðurstaðan sú að þróin hafi verið gerð eða í notkun á tímabilinu 1010 – 1270 AD. Þungamiðja greiningarinnar segir að sýnið sé u.þ.b. frá árunum 1050 – 1200 AD (sjá mynd 4).



Mynd 3. Leiðréttingarkúrfa C-14 greiningar (HAR-2155. K649S) úr jarðhýsi á Kópavogsþingstað. Niðurstaðan er óleiðrétt í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur 1986:60. Leiðrétt skv. Stuiver et. al. (1998).




Mynd 4. Leiðréttingarkúrfa C-14 greiningar (HAR-2092. K646S) úr þró á Kópavogspingstað. Niðurstaðan er óleiðrétt í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur 1986:65. Leiðrétt skv. Stuiver et. al. (1998).

Sýnið reyndist eins og fyrrnefnda sýnið vera úr víði eða ösp, en skekkjumörkin eru mun minni eða 70 ár. Þessi aldursákvörðun er mikilvæg fyrir jarðhýsið þar sem það er tekið úr mannvirki sem virðist hafa legið ofan á jarðhýsinu.

Rannsóknin á Kópavogspingstað sýnir svo að varla verður um villst að búseta hefur hafist á staðnum þegar á landnámsöld, kannski við upphaf hennar í lok 9 aldar. Jarðhýsi finnast nær aldrei ein og sér, þau eru ævinlega á bæjarstæðum, verslunarstöðum, þingstöðum eða eins og ýmislegt bendir til, á kumlateigum. Ekki er líklegt að jarðhýsið í Kópavogi hafi tilheyrt neinu öðru en bæjarstæði, sem er þá elsta bæjarstæði Kópavogs sem vitað er um í dag. Hvar bærinn hefur nákvæmlega staðið er ekki gott að segja, en þau jarðhýsi sem fundist hafa á bæjarstæðum héraðsins eru öll nálægt bæjarhúsunum, varla meira en 10 m frá þeim. Jarðhýsið í Kópavogi sker sig þó úr öðrum jarðhýsum hér á landi hvað tvö atriði varðar.

Húsið er aðeins grafið niður um 20 sm í jökulruðninginn, sem er mjög lítið miðað við öll önnur jarðhýsi hér heima og erlendis.

2) Á gólfinu er steinalögn sem gæti verið eldstæði, öll eða hluti hennar. Hús það sem líkast er þessu jarðhýsi á Íslandi verður að teljast eldhús (Hús 9C) landnámsbýlisins Granastaða á Eyjafjarðardal í Eyjafirði, sem grafið var 1990-91 (Bjarni F. Einarsson 1995(a):83-85). Sé um hliðstætt hús að ræða gæti skáli leynst við húsið á Kópavogspingstað.



Mynd 5. Túnakort Fífuhamms frá árinu 1916. (Þjóðskjalasafn Íslands).

Smiðjan ofan á jarðhýsinu segir okkur einnig að skammt frá hafi verið býli um 1200. Smiðjur virðast stundum hafa verið einhvern spöl frá bæjarhúsum í öndverðu en færst svo nær býlunum, trúlega í upphafi miðalda, sbr. Stöng o.fl. bæi.

Við önnur bæjarstæði í Kópavogi, Hvamm (Fífuhammur), Digranes og Vatnsenda, eru/voru vafalítið mjög fornar minjar. Fífuhammur er horfinn að mestu leyti, ef ekki öllu (sjá túnakort á mynd 5), og Digranes horfið að talsverðu leyti (sjá túnakort á mynd 8) þó ýmislegt markvert kunni að leynast þar enn undir grasrótinni. Við Vatnsenda er enn búið og bæjarstæðið og nánasta umhverfi þess geymir örugglega mikið af upplýsingum um forsögu þess bæjar sem gæti hafa verið talsverð, samanber orðalag Máldagaskrá Viðeyjarkirkju hér að framan. Í raun má segja að núverandi íbúðarhús standi á bæjarhól, en slíkir hólar geyma yfirleitt gríðarlegt magn upplýsinga um búskaparhætti á liðnum öldum (sjá túnakort á mynd 9).

Niðurstaðan er því sú að þó að ritaðar heimildir segi ekki mikið um mannlífið á Kópavogsbæjunum að fornu og að svæðið virðist ekki hafa

komið við sögu helstu atburða Íslandssögunnar, þá geyma fornleifarnar gríðarlegt magn af upplýsingum sem eru enn mikilvægari þegar hinar rituðu heimildir skortir. Í tilviki Kópavogs eru þær að sumu leyti einu heimildirnar sem við höfum um mannlíf og sögu svæðisins fyrstu aldirnar.

Að lokum skal getið þeirra fornleifarannsókna eða kannana sem farið hafa fram í bænum til viðbótar við Kópavogsrannsóknina.

Í ársskýrslu Þjóðminjasafns Íslands árið 1986 er þess getið að könnun hafi verið gerð við hið gamla bæjarstæði Kópavogs og hafi Kópavogur kostað þær (Pór Magnússon 1987:177). Við eftirgrennslan kom í ljós að aðeins hafi verið um framkvæmdaefirlit að ræða og engin skýrsla gerð. Ekki kemur fram hvaða bæjarstæði hafi verið um að ræða en tveir staðir koma til greina (sjá fornleifaskrá nr. 1:10 og 1:12). Í Sögu Kópavogs I segir að þegar klóak hafi verið grafið fyrir neðan Kópavogshælið, meðfram Fífuhvamsvegi, hafi verið fylgst með verkinu af fornleifafræðingi og hann skráð og teiknað upp eftir þörfum (Magnús Þorkelsson (a) 1990:176). Hér er trúlega um sama verk að ræða og frá var sagt á undan.

Í sömu ársskýrslu segir að bæjarstæði Digraness hafi verið kannað af Þjóðminjasafni. Engin skýrsla er til um það, en skilti á staðnum sýnir að hreinsað hefur verið ofan af gólfum og veggir lagaðir eitthvað til. Að öðru leyti virðist bærinn ekki hafa verið rannsakaður frekar og við eftirgrennslan var það staðfest (Pór Magnússon 1987:177).

Skammt frá Digranesi stóð rúst sem líklega var fjárhús frá bænum. Var rústin fjarlægð með vélgröfu undir eftirliti Þjóðminjasafns. Engin skýrsla er til um þessar framkvæmdir en við eftirgrennslan fengust ýmsar upplýsingar sem sjá má í fornleifaskrá (sjá fornleifar nr. 16:4).

Árið 1988 voru tvær dysjar rannsakaðar er gengu undir heitinu Hjónadysjar. Kom í ljós að þar hvíldu maður og kona og getum að því leitt að þau hafi verið Sigurður Arason frá Árbæ og Steinunn Guðmundsdóttir, einnig frá Árbæ sem dæmd voru árið 1704 fyrir morð á eiginmanni Steinunnar, Sæmundi Þórarinssyni (Guðmundur Ólafsson 1996, Magnús Þorkelsson 1990(b):209-10 & Matthías Þórðarson 1929:9-10).

Um rannsóknirnar í Þingnesi árin 1982-86 verður ekki fjallað hér, enda staðurinn að mestu í landi Reykjavíkur og rannsóknirnar þeim megin. Staðarins verður aðeins minnst í kafla 7.

4.2 „*Commissionen for oldsagers opbevaring*“

Árið 1807 var með konungsboði sett á laggirnar nefnd til varðveislu fornminja í Danmörku og nýlendum hennar (Frásögur um fornaldarleifar 1983). Fékk nefnd þessi nafnið *Commissionen for oldsagers opbevaring*. Nefndin sendi spurningalista til allra sókna konungsveldisins og til Íslands bárust þessir listar árið 1809, á dönsku. Listarnir skiluðu sér illa vegna lélegra samgangna og ófriðar í álfunni.

Nokkrum árum síðar, eða árið 1817, bættust tveir nefndarmenn í Commissionen eins og nefndin var kölluð. Var annar þeirra Finnur Magnússon prófessor. Hann fékk það hlutverk að sjá um tensl nefndarinnar við Ísland. Hann þýddi og staðfærði spurningalista Commissionen og sendi þá þegar til Íslands sama ár. Viðbrögðin voru nú snöggum skárri og alls bárust svör frá u.þ.b. 170 prestum.

Áður en að Finnur varð nefnarmaður hafð hann gert úttekt á fornleifum í landinu fyrir nefndina. Á grundvelli þessarar úttektar var fyrsta friðlýsingin gerð á fornleifum hér á landi árið 1817². Alls voru 10 fornleifar friðlýstar á grundvelli úttektar Finns og bar þar mest á rúnasteinum, 5 talsins. Að auki var ein rúnaáletrun í Múlakirkju í Þingeyjarsýslu, Borgarvirki í Húnavatnssýslu, dómhringur á Þingvöllum og á Þórsnesi og Snorralaus í Reykholti.

Árni Helgason (1777 – 1869), dómkirkjuprestur í Reykjavík árin 1814 – 1825, svaraði nefndinni árið 1821. Í fornleifaskýrslu sinni telur hann upp þrjá gripi, alla tilheyrandi Dómkirkjunni í Reykjavík. Í bréfi til Finns, dags. 1. mars sama ár, barmar Jón sér yfir fátækt sóknarinnar. Hann segir:

Hún er fyrst ein sú fátækasta á landinu af gömlum Meniagripum, það sem higad hefur komid, er jafnodum burtflutt til Kaupenhavnar af þeim utlendu er hellst hafa reist um sudurland. Af Sogum vorum er ecki að ráða að her á Nesi hafi nockud Hof verid i fornöld, þes siást ej heldur Menjar. Eingin veit her til Hauga, nema Óbóta manna sem dysiadir eru nálægt Kopavogi, Þingstad fornum her i Sveit. Það er furdulegt að í þeim stad sem fyrst bygdist á landinu skuli hvérgi siást neitt þeirra handaverk og nærri hvergi í Sögum getid þeirra sem hér hafa búid. (Frásögur um fornaldarleifar 1983:252).

Lýsingar af þessu tagi voru algengar um allt land og ekkert einsdæmi að prestar teldu sínar sóknir skorta fornaldarminjar jafnt sem önnur gæði.

Í bréfi sem Árni prestur sendi með skýrslu sinni dagsettu þann 20 júní 1821 skýrir hann nánar út ástæður þess að á hans ófrjósama landshorni finnist ekkert markvert, þrátt fyrir að sjálfur Ingólfur Arnarson hafi numið þar land. Árni skrifar:

Vel tog Ingolf den første Landnamsmand sig Boepæl i Reykevig; men baade dadlede hans Folkl da strax, denne hans Beslutning, og sagde de havde reist over alt for frugtbare Strækninger for at nedsætte sig her paa den nøgne Kyst; og tillige fortælles at Ingolf siden efter, fandt det raadeligt at flytte her fra til Ølveset i sine ældre Aar, hvor hans Gravhøj ogsaa er at see. ... Hof eller Tingstæd tales ikke heller om i dette Sogn; de som boede her søgte først Kialarnes, og siden til Hofstad på Alftenes ... Her af synes jeg det er rimeligt at paa dette Sted skulle man ikke vænte at finde Oldsagers Levninger. (Sama 1983:256).

² Skýrsla Finns er birt í Frásögur um fornaldarleifar 1983:615 – 639.

Á þessum árum var skilgreining manna á fornleifum talsvert önnur en í dag og rústir í venjulegum skilningi ekki taldar til fornleifa. Yfirleitt áttu menn við leifar frá hinum glæsta þjóðveldistíma, sérstaklega tengdar þinghaldi og trúarbrögðum.

5 Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun

Um sjálfbæra þróun í fornleifavörslu hefur ekki verið ritað áður. Hér skal gerð tilraun til að skilgreina hana með tilliti til minjavörslunnar. Hugtakið fornleifavarsla er hér notað sem hluti af hugtakinu minjavarsla, sem er víðtækara hugtak og nær m.a. yfir hús og stríðsminjar svo að dæmi séu tekin. Fornleifavarsla nær því yfir vörslu fornleifa samkvæmt strangri skilgreiningu þjóðminjalaganna um hugtakið fornleifar.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó vorið 1992 var ákveðið að semja Staðardagsskrá 21 (*Agenda 21*). Á veraldarvefnum segir svo um dagskrána:

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina. Þessi áætlun á að vera nokkurs konar forskrift að sjálfbærri þróun, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig samfélagið ætlar að fara að því að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á Jörðinni. Áætlunin snýst ekki eingöngu um umhverfismál, heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta. Eitt aðalatriðið í hugmyndafræðinni sem að baki liggur, er að umhverfismál verði aldrei slitin úr samhengi við önnur mál, heldur beri að skoða áhrif mannsins á umhverfi sitt í víðu samhengi.

12. mars 1998 var undirritaður samstarfssamningur milli utanríkisráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga um 18 mánaða verkefni sem miðaði að gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum – Staðardagskrá 21. Hluti af vinnuferli Staðardagskrárinnar er m.a. að afla upplýsinga um menningarminjar sem kunna að finnast í einstökum sveitarfélögum. Liður í frumvinnu að Staðardagskrá 21 er að skrá allar fornleifar í Kópavogi, auk þess að vera lögbundinn hluti af endurskoðun aðalskipulags eins og fram kemur m.a. í inngangi. Lykilhugtakið í Staðardagskrá 21 er *sjálfbær þróun*. Hugtakið hefur verið skilgreint á eftirfarandi hátt: *Sjálfbær þróun* er þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Umhverfismál fjalla um nýtingu auðlinda, mengun og um samskipti okkar við náttúruna sem við byggjum lífsafkomu okkar á. Vaxandi álag og ágengni á umhverfið og gæði náttúrunnar sýna okkur að nauðsynlegt sé að umgangast umhverfi okkar og auðlindir með aðgát og virðingu. *Sjálfbær þróun* er heiti á hugmyndafræði sem miðar að því að nýta þessi grundvallargæði á skynsamlegan hátt, þannig að komandi kynslóðir geti notið þeirra til jafns við okkur.

Umhverfið er samsett úr áþreifanlegum hlutum eins og bergi, gróðri og mannvirkjum. Í því er einnig að finna minningar um liðna tíma sem geta verið hlutgerðir í föllnum rústum sem við köllum fornleifar. Eins geta minningarnar verið óhlutgerðar í örnefnum og sögnum í umhverfinu. Ef við eyðum þessum rústum eða minningum gerum við afkomendum okkar ókleift að rýna í þessa hluti til gagns og gamans. Þar með tökum við frá þeim hluta af sögunni. Við gerum þeim með öðrum orðum ókleift að rannsaka sína eigin sögu.

Þess vegna er mikilvægt að þegar fornleifar eru í uppnámi vegna framkvæmda, að þær séu rannsakaðar á fræðilega viðunandi hátt. Við rannsókn öðlast fornleifarnar annað líf, líf sem er geymt á bókum eða í skýrslum. Þannig tryggjum við aðgang komandi kynslóða að fornleifunum og því sem þær geyma, sem er hluti af menningarsögunni. Þetta er sjálfbær þróun í minjavörslunni.

6 Fornleifarnar

Í Kópavogi voru 53 staðir skráðir og á þeim voru meir en 75 minjar. Þá eru rústir á Þingnesi ekki taldar með, en þær eru fleiri en 18 og a.m.k. fjórar þeirra eru í landi Kópavogs. Ekki eru allar minjarnar eiginlegar fornleifar (100 ára eða eldri), sbr. töflu 1. Þeir eru þó skráðir vegna þess að þeir gætu verið ofan á eldri minjum, eru einkennandi fyrir byggingarhefð svæðisins, eru skráðir til að fyrirbyggja seinni tíma rugling og/eða eru einstakir.

Fjórir staðir eru friðlýstir. eru þeir Kópavogspingstaður, Hjónadysjar, Systkinaleiði (allar undir sömu friðlýsingu) og Þingnes. Allir staðirnir voru friðlýstir árið 1938 (Fornleifaskrá 1990:11). Þingnes er þó að mestu leyti í landi Reykjavíkur, en hið friðhelga svæði nær þó eitthvað inn í land Kópavogs og vafalítið eru nokkrar rústir í landi Kópavogs (þær vestustu).

Í friðlýsingu Kópavogspingstaðar segir:

1. Þinghústöft syðst á túninu [nr. 1:1] og fangakofatóftir skamt frá [nr. 1:7-8].
2. Dysjar austan túns, nefndar Hjónadysjarnar [nr. 33:1] og Systkinaleiðin [nr. 34:1].

Ekki er svæðið tilgreint nánar. Rústir við sjálfan þingstaðinn (1:1-9 eru taldar friðlýstar í fornleifaskrá, þó ekki sé víst hvernig lögin taki á þeim. Rústir fyrir utan þingstaðinn (1:10-12) eru ekki taldar friðlýstar í fornleifaskrá. Þyrfti að endurskoða friðlýsinguna og friðlýsa allt svæðið.

Í friðlýsingu Þingness segir að friðlýstar fornleifar séu:

Mannvirkjaleifar á hinum forna Kjálarnessþingstað í Þingnesi, sem gengur út í Ellliðavatn að sunnanverðu (Fornleifskrá 1990:11).

Þinghústöftin (þingbúð, nr. 1:1) á Kópavogspingstað var rannsökuð árin 1973-76, auk nokkurra minja undir henni. Rústin virðist síðan hafa verið endurhlaðin á staðnum. Hjónadysjar voru rannsakaðar og fjarlægðar árið

1988, en Systkinaleiði hvarf á fyrri helmingi þessarar aldar án nokkurra rannsókna. Á Þingnesi hófst rannsókn sumarið 1982 og stóð yfir í nokkur sumur. Ekki er víst að rannsóknum þar sé lokið.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst
1:1-12	Pingstaður m.m	12	Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	-1550	Hátt	Já
1:1	Pingbúð	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Hátt	Já
1:2	Hringgarður	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	(já)
1:3	Stétt	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	-1550	Talsvert	(já)
1:4	Smíðja	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	-1550	Hátt	(já)
1:5	Jarðhýsi	1	Ekkert	Engin	Lélegt	-1550	Hátt	(já)
1:6	Túngarður	1	Landeyðing	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	(já)
1:7	Rúst (jarðhýsi)	1	Landeyðing	Lítill	Lélegt	1550-1900	Hátt	(já)
1:8	Rúst (jarðhýsi)	1	Landeyðing	Lítill	Lélegt	1550-1900	Hátt	(já)
1:9	Gata	1	Umferð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Hátt	(já)
1:10	Bæjarhóll	1	Landeyðing	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Hátt	(nei)
1:11	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	(nei)
1:12	Rústahóll (bæjarh)	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Talsvert	(nei)
2:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	-	-	Horfinn	1550-1900	Talsvert	Nei
3:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	-	-	Horfinn	1550-1900	Talsvert	Nei
4:1	Bæjarstæði (eyðibýli)	1	-	-	Horfið	1550-1900	Talsvert	Nei
5:1	Bæjarstæði (eyðibýli)	1	-	-	Horfin	1550-1900	Talsvert	Nei
6:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
7:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
8:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
9:1	Stekkur(?) og garður	2	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei
10:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
11:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	-	-	Horfinn	1550-1900	Lítið	Nei
12:1	Landamerki	1	Byggingar	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
13:1	Garður	1	Ábúð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
14:1	Garður (túng. m.m.)	2	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei
15:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
16:1-4	Eyðibýli	4	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Hátt	Nei
16:1	Bæjarrúst	1	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Hátt	Nei
16:2	Stétt (traðir)	1	Ábúð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei
16:3	Kálgarður	1	Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei
16:4	Rúst (fjárhús)	1	-	-	Horfin	1550-1900	Lítið	Nei
17:1	Brú	1	Umferð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei
18:1	Eyðibýli	>1	-	-	Horfið	1550-1900	Hátt	Nei
19:1	Rústir og garður	3	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei
20:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	-	-	Horfinn	1550-1900	Talsvert	Nei
21:1	Vatnsból	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
22:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	-	-	Horfinn	1550-1900	Lítið	Nei
23:1	Landamerki	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
24:1	Rúst (fjárborg) m.m.	2	Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei
25:1	Vað	1	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei
26:1	Fornleið	1	Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei
27:1	Náma	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið	Nei
28:1	Eyktarmark	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
29:1	Eyktarmark	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
30:1	Eyktarmark	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
31:1	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei
32:1	Eyktarmark (landm.)	1	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei
33:1	Dysjar	2	-	-	Grafnar	1550-1900	Talsvert	Já
34:1	Dysjar	2	-	-	Horfnar	1550-1900	Talsvert	Já
35:1	Dysjar	>2	-	-	Horfnar	1550-1900	Talsvert	Nei
36:1	Vað	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
37:1	Vað	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
38:1	Landamerki	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
39:1	Landamerki	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst
40:1	Vað	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
41:1	Vað	1	-	-	Horfið	1550-1900	Lítið	Nei
42:1	Rúst (stekkur?)	1	Landeyðing	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei
43:1	Vatnsleiðsla	1	Ábúð	Mikil	Lélegt	1900-	Lítið	Nei
44:1	Túngarður	1	Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei
45:1	Rústahóll?	1	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei
46:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei
47:1	Fjárhús (beitarhús?)	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Talsvert	Nei
48:1	Beitarhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei
49:1	Varða (landamerki?)	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
50:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
51:1	Varða (landamerki)	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei
52:1-n	Pingstaður	>18	Ábúð	Lítill	Sæmilegt	-1550	Hátt	Já
53:1	Rústir	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið	Nei

Tafla 1. Yfirlit yfir hinar skráðu fornleifar og mat á þeim.

Af 53 stöðum sem skráðir voru nú töldust fjórir hafa hátt minjagildi, 17 talsvert, 32 lítið og enginn ekkert minjagildi. Staðir geta haft hátt minjagildi þó einstakar fornleifar við þá hafi talsvert, lítið eða ekkert minjagildi.

Við sumarhúsabyggðina sunnanvert við Elliðavatn er urmull af allskyns byggingarleifum frá seinni tímum. Enginn þessara staða er skráður, enda hafa þeir ekki minjagildi svo að vitað sé.

22 fornleifar á 19 stöðum eru horfnar, þ.m.t. þær sem voru rannsakaðar og fjarlægðar. Flestar, ef ekki allar, hafa horfið á þessari öld og aðeins tvær þeirra eru rannsakaðar, en það eru Hjónadysjarnar nr. 33:1. Ástæður fjarlægingar eru m.a. athafnir setuliðsins á stríðsárunum og vöxtur bæjarins.


Af 53 stöðum eru 11 í mikilli hættu, níu í lítilli og 15 í engri hættu (sjá mynd 2).

Mikill meirihluti minjanna finnast stakar og lítið er um heilar heildir. Einu heildirnar eru Kópavogspingstaðurinn ásamt bæjarstæðinu þar og Pingnes við Elliðavatn. Þessi staðreynd eykur gildi þessara tveggja staða.


Eins og fram hefur komið eru fornleifar sbr. lögum 100 ára eða eldri. Af þessu leiðir að fljótlega munu fleiri minjar teljast til fornleifa svo sem minjar um fyrstu þéttingu byggðarinnar upp úr 1936, minjar um herasetuna, samgönguminjar o.s.frv. Trúlega verða fleiri minjar skilgreindar sem fornleifar síðar enda á það sama við okkur sem lifum í dag og Árna prest Helgason upp úr 1800, við sjáum ekki lengra en skilningur og þekking okkar leyfir.

7 Helstu minjar Kópavogs og tillögur að verndaráætlunum

Með helstu minjum er átt við minjar með hátt minjagildi eða annað gildi, svo sem upplýsingagildi, sögulegu gildi og/eða fagurfræðilegu gildi. Merkilegustu fornleifarnar í Kópavogi eru því eftirfarandi fornleifar í númeraröð:



Mynd 6. Túnakort Kópavogs frá 1916. (Þjóðskjalasafn Íslands).



Mynd 7. Yfirlit yfir hin rannsökuðu svæði, skyggð, á Kópavogspingstað. 1: Jarðhýsi. 3: Smiðja. 4: Þingbúð. I – VIII: Skurðir. (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986:21).

1:1-12. *Kópavogspingstaður og Kópavogsbærinn*. Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum. Þarna má ímynda sér að skálabyggingar, fjós og önnur hús séu geymd í heilu lagi eða í brotum. Þessu fylgir mikið magn af upplýsingum sem felast í gripum, beinum og jarðveginum sjálfum.

Stöðva þarf landeyðingu við sjávarkambinn og engar jarðvegsframkvæmdir ætti að leyfa nema undir ströngu eftirliti forneifafraeðings eða minjavörslunnar. Endurskoða þyrfti friðlýsinguna sem nær aðeins yfir hluta staðarins auk þess sem hún nær yfir fornleifar sem eru löngu horfnar. Endurskoðuð friðlýsing þyrfti að ná yfir allan staðinn og hana þyrfti að skilgreina nákvæmlega varðandi umfang og innihald.

Staðinn mætti gera aðgengilegri með því að hreinsa upp og endurskapa þær rústir sem rannsakaðar hafa verið og hanna upplýsingaskilti sem segir sögu staðarins. Þetta skilti mætti vinna í samvinnu við Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Svæðið er kjörið útivistarsvæði og hægt að tvinna saman útivist og minjavörslu svo að vel fari.


10:1. *Álfhóllinn*. Hóllinn er trúlega þekktasti álfhóll Kópavogs og hefur skapað sér slíkan sess í skipulagi bæjarins að varla verður honum hnikað héðan af. Hann er sýnilegt dæmi um þjóðtrú Íslendinga og hve sterk hún

hefur verið allt fram á þennan tíma. Hólinn mætti merkja með látlausum hætti.


16:1-4. *Digranesbærinn*. Hér stóð eitt sinn höfuðbýli Kópavogs. Hluti af bænum stendur enn ásamt tröðinni, kálgarðinum og ýmsum minjum undir sverðinum allt í kring. Vandamálið er hve nálægt skóla staðurinn er og hve ágengni er mikil. Þessu mætti snúa í andhverfu sína og gera það að höfuðgildi staðarins, þ.e. að tengja hann kennslu grunnskólabarna með beinum hætti. Þarna mætti hafa vettvangskannanir skólabarna, þarna gætu börnin sjálf hlúð að staðnum og haldið honum við og þarna mætti jafnvel ímynda sér minni háttar fornleifauppgrefti með börnunum.³ Þannig yrði staðurinn á vissan hátt á þeirra ábyrgð og það ætti að tryggja góða umgengni og dýpri sögu- og byggðavitund barnanna.

19:1. *Selstaða?* Staðurinn er skammt frá bæjarstæði Fífuhamms. Nálægðin bendir til þess að hér sé ekki selstaða, en þó er ekki loku fyrir það skotið að hér hafi verið haft í seli svo nálægt bæ. Örnefnin Selflatir, Selvellir og Selhryggur eru nokkuð langt frá til að geta verið í tengslum við þessar rústir. Hvort sem um er að ræða selstöðu eða annað þá eru rústirnar (mjög) fornlegar að sjá. Þær eru býsna nálægt fjölbýlishúsum og við þær liggja stígar. Fylgjast þarf með rústunum og ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra þyrfti að rannsaka þær og komast að tegund þeirra og aldri.

39:1. *Landamerkjasteinninn Markasteinn*. Fallegasti landamerkjasteinninn í Kópavogi. Hann hefur fengið nýtt hlutverk á seinni tímum, auk síns gamla, en það er að vera hluti af girðingu utan um Rjúpnahæð.




Mynd 8. Túnakort Digranessbæjarins frá 1916. (Þjóðskjalasafn Íslands).



Mynd 9. Túnakort Vatnsenda frá 1916 (Þjóðskjalasafn Íslands).

³ Með minni háttar uppgrefti á ég við prufuholur í kálgarðinn til að skoða jarðvegssýni, leit að mannvistarlögum í námundan við bæjarhúsin o.s.frv. Þannig væri strangt til tekið hægt að safna ýmsum upplýsingum sem annars væru ekki aðgengilegar.




Mynd 10. Uppdráttur Sigurðar málara af Þingnesi sem hann gerði fyrir Angus Smith 1873. Á Þingneshólma, efst t.v., eru greinilega rústir. Þær eru í landi Kópavogs (voru ekki kannaðar á vettvangi).

42:1. *Rúst (stekkur?) undir Vatnsendahvarfi.* Rústin er eins og fornleifar nr. 19 fornleg að sjá. Ekki er sennilegt að um stekk sé að ræða, mun heldur beitarhús frá Vatnsenda. Uppblástur er einhver við rústina og tryggja þarf að hún verði honum ekki að bráð, annaðhvort með því að stöðva uppblásturinn eða rannsaka rústina. Með vaxandi byggð mun rústinni stafa ákveðin hættu og áður en að hún fer að verða fyrir spjöllum þarf að rannsaka hana til að komast að tegund hennar og aldri.

48:1. *Beitarhús suður af Litlabás.* Eins og algengt er þá er beitarhúsið ekki langt frá landamerkjum Vatnsenda og Vífilsstaða. Þannig var hægt að nýta betur sitt eigið land og jafnvel land nágrannans einnig. Húsið er eitt tveggja beitarhúsa í Kópavogi (eða á hinu skráða svæði) og það elsta.

Svæðið í kring um beitarhúsið er kjörið útivistarsvæði og mætti hugsa sér að nýta það til að segja sögu fjárbúskapar fyrr á öldum.



Mynd 11. Rústirnar á Þingnesi. Hringurinn sem er u.þ.b. fyrir miðju er hringurinn sem Jónas fann. Uppgröftur í byrjun 9. áratugarins var í hringinn og nærliggjandi rústir. (Guðmundur Ólafsson 1986:345). Sjá landamerki í fornleifaskrá.

52:1-n. *Forn þingstaður á Þingnesi við Elliðavatn.* Þingnes er ein af perlum höfuðborgarsvæðisins og hana eiga Kópavogsmenn í félagi við Reykjavík. Staðurinn hefur lengi vakið áhuga fræðimanna, bæði íslenskra og erlendra. Hvert hlutverk staðarins var nákvæmlega hefur ekki verið sannað enn. Sé hann elsti þingstaður landsins nær gildi hans langt út fyrir Ísland og hann lendir á svipuðum stelli og Þingvallis sjálfir. Hann er á fallegum stað við Elliðavatnið og frá honum liggja gönguleiðir í ýmsar áttir, m.a. inn í Heiðmörkina. Helsti ókosturinn við staðinn er sumarbústaður sem hefur gengið býsna nærri staðnum og jafvel nær en lög leyfa. Annar ljóður á staðnum er uppkast og frágangur frá síðustu rannsókn, en það stendur nú til bóta. Þess má geta að skylt er að viðhalda friðuðum fornleifum á kostnað ríkissjóðs (þjóðminjalög, 25. gr.).

Um sumar rústir staðarins segir Konrad Maurer að séu frá Hastfer barón, sem reyndi kynbætur á sauðfé árin 1756-64. Afleiðingarnar urðu þær að fjárkláði barst til landsins og breiddist út um landið svo skera varð um 60% fjárins í landinu. (í Magnús Porkelsson 1990:182).

Þarna mætti endurreisa einhverja þingbúðina, að því tilskyldu að þarna sé þingstaður, og hafa leiðsögn um staðinn. Einnig mætti vinna ítarlegt skilti fyrir gesti og gangandi. Þetta ætti að gerast í samvinnu við Árbæjarsafn og jafnvel Þjóðminjasafn Íslands.

Þingnes var friðlýst árið 1938. Friðlýsingin er mjög umfangsmikil en þar segir að allar „mannvirkjaleifar“ á hinum forna Kjalarnesþingstað séu friðlýstar, en engin afmörkun er gerð á umfangi svæðisins. Afmarka þarf staðinn betur í friðlýsingarskjali og gera ráðstafanir til að fjarlægja bústaðinn á staðnum. Frekari rannsókna er þörf til að varpa skýrara ljósi á eðli staðarins (rannsaka fleiri búðir, gera C-14 greiningar og aðrar náttúrufræðilegar rannsóknir). Verkefnið er kjörið til fjölþjóðlegrar samvinnu.

8 Niðurstaða

Í þéttbýli Kópavogs og næsta nágrenni eru 53 staðir skráðir sem fornleifar og geyma þeir 75 stakar fornleifar. Kópavogur á sér ekki mjög mikla sögu sem lesa má um í rituðum heimildum, en fornleifarnar geyma býsna spennandi sögu sem nær að líkindum allt aftur til landnámsaldar.

Eitt megin hlutverk þessarar fornleifaskrár er að hjálpa skipulagsyfirvöldum að stada vörð um fornleifarnar og marka stefnu í skipulagsmálum/minjavernd sem tekur mið af þessum fornleifum.

Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei og hana þarf að endurskoða reglulega. Þegar einhverjar áður óþekktar fornleifar finnast við jarðrask ber að færa slíka staði inn á fornleifaskrá auk ákvæðanna um tilkynningu í þjóðminjalögum.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson (a). *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.

Sami (b). Fornleifaskrá Reykjavíkur. *Skýrslur Árbæjarsafns XLVI*. Reykjavík 1995.

Sami (a). „Um fornleifaskráningu á Íslandi, upphaf og ástæður. Fyrri grein: Upphafið og lögin.“ *Sveitarstjórnarmál*. 1. tbl. 1996.

Sami (b). „Um fornleifaskráningu á Íslandi, upphaf og ástæður. Síðari grein: Skyldur okkar gagnvart fortíðinni. *Sveitarstjórnarmál*. 2. tbl. 1996.

Sami. „Fornleifaskráning á Íslandi: Forsendur og markmið.“ *Fréttabréf safnmanna*. 6. árg. 1. tbl. 1997.

Frásögur um fornaldarleifar 181 7- 1823. Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík 1983.

Guðlaugur R. Guðmundsson. Hinar fornu jarðir Kópavogsþingstaðar. *Örnefnastofnun*. Handrit 1970.

- Guðmundur Ólafsson. „Sakamannadysjar í Kópavogi.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 23. mars 1996.
- Sami. „Þingnes by Elliðavatn: The first Local Assembly in Iceland.“ Proceedings of the Tenth Viking Congress. *Universitetets Oldsaksamlings Skrifter. Ny Rekke. Nr. 9.* Ósló 1987.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir. *Rannsókn á Kópavogsþingstað.* Með viðaukum. Kópavogur 1986.
- Íslenskt fornbréfasafn.* Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1857-76.
- Íslenskt fornbréfasafn.* Annað bindi. Kaupmannahöfn 1888.
- Íslenskt fornbréfasafn.* Níunda bindi. Reykjavík 1909-13.
- Íslenskt fornbréfasafn.* Tólfta bindi. Reykjavík 1923-32.
- Kaalund, Kristian P.E. *Íslenskir sögustaðir I.* Sunnlendingafjórðungur. Reykjavík 1984.
- Lýður Björnsson. „Kópavogur 1936 – 1955.“ *Saga Kópavogs II.* Frumbyggð og hreppsár 1935 – 1955. Safn til sögu byggðarlagsins. Ritstjóri Adolf J.E. Petersen. Kópavogur 1990.
- Magnús Þorkelsson (a). „Af Kópavogsbæjum frá fyrri öldum.“ *Saga Kópavogs I.* Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðarlagsins. Ritstjóri Árni Waag. Kópavogur 1990.
- Sami (b). „Þingstaðir í Kópavogslandi.“ *Saga Kópavogs I.* Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðarlagsins. Ritstjóri Árni Waag. Kópavogur 1990.
- Orri Vésteinsson. „Fornleifaskráning og fornleifarannsóknir.“ *Fréttabréf safnmanna.* 5. árg. 4. tbl. 1996.
- Skipulags- og byggingalög* 1997, nr. 73, 28. maí.
- Þjóðminjalög* 1989, nr. 88, 29. maí. Með síðari breytingum.
- Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogsminjar.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1929. Reykjavík 1929.
- Þór Magnússon. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1986.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1986. Reykjavík 1987.